

2. fundur umhverfis-, skipulags- og bygginganefndar haldinn á skrifstofu
Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3, Þórshöfn, föstudaginn 20. ágúst, 2010 kl. 12:00

Mætt: Jóhanna Helgadóttir formaður, sem ritaði fundargerð á tölvu, Steinunn Leósdóttir, Jósteynn Hermundsson, Vikar Már Vífilsson, Ólafur Björn Sveinsson. Einnig sat fundinn Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri.

Dagskrá:

- 1. Bréf frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu dags 16. ágúst 2010.**
Í bréfinu er ósk Ágústar Ágústssonar um að skipta út lóð í landi ábúðarjarðar föður síns, Ágústar Guðröðarsonar, að Sauðanesi. Meðfylgjandi eru tvö kort með tillögum að staðsetningu áætlaðrar lóðar. Ráðuneytið óskar eftir viðhorfi sveitarfélagsins. Nefndin mælir með lóð umhverfis hús merkt með bláum ramma á yfirlitsmynd með eftirfarandi hnitum: Hornhnit lóðar, 1. 668014.99m - 644016.14m, 2. 668046.61m – 644016.114m, 3. 668046.61m – 643984.52m, 4. 66801?99m – 643984.52m.
Samþykkt samhljóða.
- 2. Umsókn um byggingarleyfi á bílskúr við Sunnuveg 6, dags 18. ágúst 2010.**
Fyrir liggur umsókn á staðsetningu á bílskúr ásamt lóðarblaði sem samþykkt er af nágrönnum og staðfest af byggingafulltrúa. Einnig eru teikningar og afstöðumynd. Erindið samþykkt samhljóða.
- 3. Umsókn um stöðuleyfi á 4 gámum á flugvallarsvæði Sauðaness. Umsækjandi Ágúst M. Ágústsson.**
Nefndin samþykkir samhljóða stöðuleyfi til eins árs, þ.e. til 1. ágúst 2011.
- 4. Umsókn um stöðuleyfi á 2 gámum við Stórholt 8. Umsækjandi Guðjón Gamalielsson.**
Nefndin samþykkir samhljóða stöðuleyfi til eins árs, þ.e. til 1. ágúst 2011.
- 5. Umsókn frá Ísfélagi Vestmannaeyja um bráðabirgðabyggingu (stöðuleyfi til eins árs) yfir tæki, staðsetning austan við Mjölhús.**
Nefndin samþykkir samhljóða stöðuleyfi til eins árs, þ.e. til 1. ágúst 2011.
- 6. Umsókn frá Óla J. Jónssyni um heimild til að setja garðhýsi á lóðina við Vesturveg 13.**
Erindið samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert, fundargerð lesin upp, samþykkt samhljóða. Fundi slitið kl. 13:05.